


**Deloitte.**  
Legal

**Skattamál**  
2023/2024



## Efnisyfirlit

SKATTLAGNING EINSTAKLINGA.....	2
I. TEKJUSKATTUR OG ÚTSVAR.....	2
II. FRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM .....	2
III. SÉRREGLUR UM EIGNATEKJUR OG ARF.....	4
IV. BÆTUR.....	5
ATVINNUREKSTUR.....	6
I. OPINBER GJÖLD .....	6
II. AFSKRIFTARHLUTFÖLL OG FYRNINGAR .....	6
III. ÖNNUR ATRIÐI ER VARÐA AÐILA Í ATVINNUREKSTRI....	7
IV. VIRÐISAUKASKATTUR .....	9
AÐRAR UPPLÝSINGAR .....	11
VÍSITÖLUR.....	11
UPPLÝSINGASKIPTASAMNINGAR.....	11
TVÍSKÖTTUNARSAMNINGAR.....	11
ÝMSAR AÐRAR BREYTINGAR .....	12
GENGI.....	13

# SKATTLAGNING EINSTAKLINGA

## I. TEKJUSKATTUR OG ÚTSVAR

### Staðgreiðsla 2024, stighækkandi tekjuskattur

#### Árstekjur:

Frá kr. 0-5.353.634 (á mánuði kr. 446.136)  
(tekjuskattur 16,55% + meðalútsvar 14,93%) ..... 31,48%

Frá kr. 5.353.634 (á mánuði kr. 446.137) að  
kr. 15.030.014 (á mánuði kr. 1.252.501)  
(tekjuskattur 23,05% + meðalútsvar 14,93%) .....37,98%

Yfir kr. 15.030.014 (á mánuði kr. 1.252.501)  
(tekjuskattur 31,35% + meðalútsvar 14,93%) .....46,28%

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en kr. 15.030.014 skal það sem umfram er skattlagt með 23,05% skatthlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir kr. 15.030.014, þó reiknast 23,05% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en kr. 4.838.190 við þessar aðstæður.

Um áramótin tók gildi breyting á skiptingu útsvars til sveitarfélaga og tekjuskatts til ríkisins, þar sem hámark fyrrnefnda skattsins hækkaði um 0,23 prósentustig en sá síðarnefndi lækkaði á móti sem því nemur.

### Staðgreiðsla barna yngri en 16 ára

Af tekjum umfram frítekjumark barna kr. 180.000  
(tekjuskattur 4% + útsvar 2%) ..... 6%

Fjármagnstekjuskattur .....22%  
Af leigutekjum vegna útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir  
húsaleigulög og skráður hefur verið í húsaleigugagngrunn  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (50% frítekjumark) ..... 11%

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra ..... kr. 13.749  
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir  
skattleysismörkum á árinu 2023.

Útvarpsgjald .....kr. 20.900  
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir  
skattleysismörkum á árinu 2022.

## II. FRÁDRÁTTUR FRÁ TEKJUM

### 1. Persónuafsláttur

Tekjuárið 2024 (kr. 64.926 á mánuði) ..... kr. 779.112  
Tekjuárið 2023 (kr. 59.665 á mánuði) .....kr. 715.981

Heimilt er að færa allt að 100% af persónuafslætti milli hjóna og sambúðarfólks sem uppfylla skilyrði samsköttunar. Börn yngri en 16 ára njóta ekki persónuafsláttar. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í níu mánuði eftir andlát.

Skattleysismörk með lífeyrissjóðsfrádrætti 2024 .....kr. 2.578.065  
(á mánuði kr. 214.839).

### 2. Iðgjöld til lífeyrissjóða

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu 4% af heildarlaunum sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum. Auk þess er heimilt að halda utan staðgreiðslu allt að 4% af heildarlaunum vegna viðbótartryggingarverndar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum laga.

Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda skal telja til skattskyldra tekna ef iðgjaldgreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk kr. 2.000.000 á ári.

### 3. Frádráttur á móti ökutækjastyrk

Frá ökutækjastyrk, sem launþega ber að færa til tekna, skal leyfa sem frádrátt tiltekinn kostnað á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda, skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Aldrei leyfist hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók, þ.m.t. á rafrænu formi. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum á hverjum tíma. Frádráttur tekur mið af því hver heildarakstur hefur verið í þágu launagreiðanda og þeirri fjárhæð sem gildir á hverju akstursbili miðað við hvern ekinn kílómetra, sbr. eftirfarandi töflu.

Heildarakstur í km	Frádráttur á hvern ekinn km
0-1.000 km	141 kr.
1.001-2.000 km	136 kr.
2.001-3.000 km	131 kr.
3.001-4.000 km	126 kr.
4.001-5.000 km	122 kr.
5.001-6.000 km	118 kr.
6.001-7.000 km	114 kr.
7.001-8.000 km	110 kr.
8.001-9.000 km	106 kr.
9.001-10.000 km	102 kr.
10.001-11.000 km	99 kr.
11.001-12.000 km	95 kr.
12.001-13.000 km	92 kr.
13.001-14.000 km	89 kr.
14.001-15.000 km	86 kr.
15.001 og meira	83 kr.

Hafi einstaklingur fengið greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum þar sem ekki er bundið slitlag er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 15% hærrí. Hafi einstaklingur fengið greitt torfærgjald vegna aksturs á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 45% hærrí.

#### 4. Breytingar í skattmati einstaklinga

Auk hefðbundinna krónutöluhækkana geyma reglur ríkisskattstjóra um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2024 nokkrar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi hefur sú breyting verið gerð að tækifærisgjafir, sem eru undanskildar tekjuskatti ef verðmæti þeirra er ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir, eru nú skilgreindar sérstaklega sem gjafir vegna starfs- og stórafmæli starfsmanna í heilum tug. Hámarkskostnaður gjafa og skemmtana vinnuveitanda til starfsmanna má nema kr. 175.000 á hvern starfsmann yfir árið. Hlunnindi og fríðindi af umræddum toga umfram kr. 175.000 skulu teljast starfsmanni til tekna, hvernig sem fyrirkomulagi á greiðslum launagreiðanda er háttað.

Þá tóku reglur um mat á bifreiðahlunnindum nokkrum breytingum. Skattmatið hefur nú að geyma sérreglur um útreikning bifreiðahlunninda þegar starfsmaður hefur rafmagns-, vetnis- eða metanbifreið vinnuveitanda til umráða. Þá ber ætíð að reikna bifreiðahlunnindi eigenda fyrirtækja, framkvæmdastjóra þeirra, stjórnarmanna og annarra í sambærilegum stöðum miðað við full og ótakmörkuð afnot þeirra fyrir þau tímabil þegar þeir hafa umráð yfir bifreiðum launagreiðenda til einkanota, hvort sem um er að ræða eina eða fleiri bifreiðar. Þá bættust ný vélknúin ökutæki við upptalningu þar um sem meta skal umráð launamanni til tekna, þ.e. hestakerrur, hjólhýsi og fellihýsi, auk sambærilegra tækja. Athygli er vakin á því að í tilfelli slíkra tækja hefur sú breyting nú verið gerð að kostnaður við viðgerðir, kaup á varahlutum, hjólbörðum og vátýggingum, telst ekki til rekstrarkostnaðar sem færa má til frádráttar tekjum launagreiðanda.

Því til viðbótar geymir skattmatið nú reglur um hvernig skuli hlunnindareikna árleg hlunnindi starfsmanna, eigenda, framkvæmdastjóra og stjórnenda vegna afnota af fasteignum utan landssteinanna. Að sama skapi er mælt fyrir um að húsnæðishlunnindi nái líka til hesthúsa, frístundahúsnæðis, jarða og hlunnindum jarða, innanlands og erlendis. Að endingu skal nefnt að aðgangseyrir í baðstaði telst ekki til kostnaðar sem nýta má á móti greiðslum vegna íþróttaiðkunar eða líkamsræktar.

#### 5. Frádráttur vegna framlaga til almannaheillafélaga

Framlög einstaklings til félaga sem skráð eru í almannaheillaskrá, minnst kr. 10.000 og allt að kr. 350.000 á ári, veitir rétt til frádráttar upphæðarinnar frá tekjuskattsstofni sínum. Réttur til frádráttar vegna framlaga er háður því skilyrði að móttakandi sé skráður á almannaheillaskrá Skattsins á því tímamarki sem framlag á sér stað. Yfirlit um aðila í almannaheillaskrá má finna á vef [Skattsins](#).

#### 6. Frádráttur á móti dagpeningum

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts samningsbundins vinnustaðar og er þeim ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili sínu, annars vegar vegna gistikostnaðar ef um hann er að ræða og hins vegar vegna fæðiskaupa og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst. Á móti fengnum dagpeningum

er launamönnum heimilt að færa frádrátt samkvæmt nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

#### Leyfilegur hámarksfrádráttur frá greiddum dagpeningum innanlands frá

1. janúar 2024:

Gisting og fæði í einn sólarhring .....	kr. 38.500
Gisting í einn sólarhring.....	kr. 22.600
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	kr. 15.900
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag .....	kr. 7.950

#### Leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum erlendis frá 1. janúar 2024 í

SDR:

	Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
	Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
<b>Flokkur 1: SDR</b> <i>Moskva, New York borg, Singapur, Tókýó, Washington DC</i>	208	125	333	133	80	213
<b>Flokkur 2: SDR</b> <i>Dublin, Ístanbul, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl</i>	177	106	283	113	67	180
<b>Flokkur 3: SDR</b> <i>Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín</i>	156	94	250	100	60	160
<b>Flokkur 4: SDR</b> <i>Annars staðar</i>	139	83	222	89	54	143

#### 7. Erlendir sérfræðingar

Frá tekjum þeirra erlendu sérfræðinga sem bera takmarkaða eða ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga 25% tekna fyrstu þrjú árin frá ráðningu í starf, enda séu ákveðin skilyrði uppfyllt. Heimildin nær einnig til sérfræðinga með íslenskan ríkisborgararétt, sem snúa aftur til Íslands eftir búsetu erlendis. Staðfesting frá sérstakri nefnd skal liggja fyrir um að erlendi sérfræðingurinn uppfylli öll skilyrði til að fá slíkan frádrátt. [Sjá nánar reglugerð nr. 1202/2016 um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga.](#)

#### 8. Hlutabréfakaup einstaklinga í litlum félögum í vexti

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum má, við álagningu opinberra gjalda á árunum 2022 til 2025 vegna fjárfestinga á árunum 2021 til 2024 draga frá tekjum einstaklinga allt að 75% frá tekjuskattsstofni að viðbættum fjármagnstekjum, af fjárhæð sem hann sýnir fram á að sé til komin vegna fjárfestinga í hlutafélagi

eða einkahlutafélagi sem uppfyllir tiltekin skilyrði og hafa fengið staðfestingu ríkisskattstjóra þar um. Fyrst skal dregið frá stofni til tekjuskatts og síðan fjármagnstekjuskattsstofni, að teknu tilliti til frítekjumarks vegna vaxta- og leigutekna. Ónýtt frádráttarheimild er millifæraneleg í allt að þrjú ár. **Sjá nánar reglugerð nr. 785/2016 um skattafslátt manna vegna hlutabréfakaupa.**

### III. SÉRREGLUR UM EIGNATEKJUR OG ARF

#### 1. Almenn um fjármagnstekjuskatt

22% fjármagnstekjuskattur leggst á allar fjármagnstekjur manna utan atvinnurekstrar, svo sem vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, arð af hlutabréfum og stofnsjóðum, leigutekjur og skattskyldan hagnað af sölu eigna. Þó skal ekki reikna skatt af heildarvaxtatekjum eða arðstekjum og söluhagnaði félaga sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, eða markaðstorgi fjármálagerninga að fjárhæð kr. 300.000 hjá einstaklingi (kr. 600.000 hjá hjónum).

Fjármálafyrirtækjum ber að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð. Séu hlutabréf, sem arður er greiddur af, í vörslu innlends fjármálafyrirtækis vegna rafrænnar skráningar hlutabréfanna í verðbréfamiðstöð, hvílir skylda á viðkomandi fjármálafyrirtæki til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð. Félögum með takmarkaða ábyrgð (ehf., hf., og slhf. sem eru sjálfstæðir skattaðilar) ber að draga staðgreiðslu af arði sem þau greiða hluthöfum sínum sem eru einstaklingar og skila í ríkissjóð.

Lagt er á aðrar greiðslur er mynda stofn til fjármagnstekna einstaklinga við álagningu næsta ár á eftir tekjuári.

#### 2. Leigutekjur

Hafi maður tekjur af útleigu fasteigna til búsetu leigjanda sem ekki falla undir atvinnurekstur teljast 50% brúttótekna án frádráttar til fjármagnstekna. Frá og með 1. janúar 2023 er skylt að skrá leigusamning sérstaklega í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að undanþágan eigi við, eða að telja leigutekjurnar sérstaklega fram í skattframtali. Breytingin kemur til framkvæmda við álagningu 2024 vegna leigutekna á árinu 2023.

Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi ef hinar útleigðu fasteignir eru fleiri en tvær. Ef tekjurnar stafa af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög og hinar útleigðu fasteignir eru ekki fleiri en tvær má draga frá tekjum manns af útleigunni leigugjald sem hann greiðir af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádrátturinn leyfist eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er í útleigu.

Ef útleiga íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis eða annars húsnæðis telst heimagisting samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði, og skemmtanahald eru tekjurnar ekki taldar stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Skilyrði heimagistingar eru m.a. að útleigin hafi verið tilkynnt sýslumanni, að aðili hafi fengið skráningarnúmer, að heildarfjárhæð leigutekna viðkomandi heimagistingar á tekjuárinu nemi ekki hærri fjárhæð en kr. 2.000.000 og að fjöldi útleigðra daga fari ekki yfir 90 daga samanlagt á hverju almanaksári. Sé húsnæðið

í útleigu tveggja eða fleiri manna skal við afmörkun heildarfjárhæðarinnar telja tekjur þeirra allra hjá hverjum og einum. Tekjur af starfsemi heimagistingar skulu skattlagðar sem fjármagnstekjur án frádráttar.

#### 3. Söluhagnaður af hlutabréfum árið 2024

Einstaklingar greiða 22% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa. Söluhagnaður hlutabréfa er mismunur á söluverði og kaupverði.

Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast fyrir 1. janúar 1997 má ákvarða á tvenns konar hátt:

- jöfnunarverðmæti hinna seldu hluta í árslok 1996; eða
- upphaflegt kaupverð hinna seldu hluta framreiknað til ársloka 1996.

Hafi seljandi eignast hlutabréf á árunum 1990-96 kann hluti söluhagnaðar að vera skattfrjálsl. Á það við um bréf í félögum sem hlotið höfðu staðfestingu ríkisskattstjóra til skattafsláttar. Hámark skattfrjálsl söluhagnaðar er kr. 367.625 fyrir einstakling og kr. 735.250 hjá hjónum.

Hagnaður einstaklings utan atvinnurekstrar vegna viðskipta með breytanleg skuldabréf sem breytt hefur verið í hlutabréf á lægra verði en nemur markaðsverði bréfanna telst til skattskyldra fjármagnstekna þegar hlutabréfin eru seld.

Skattlagningu hagnaðar vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti, sem hann hefur öðlast í starfi fyrir annan aðila er frestað þar til bréfin eru seld.

Heimilt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama tekjuári. Tap á hlutabréfum vegna gjaldþrots má ekki draga frá söluhagnaði af öðrum hlutabréfum.

Skipti einstaklingur utan atvinnurekstrar á hlutum í nýsköpunarfyrirtæki fyrir eignarhluti í nýstofnuðu félagi í hans eigu, þá skuli skiptin ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur. Kaupverð eignarhluta sem hann eignast við skiptin skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hluta sem látnir voru af hendi. Þá verður lögaðilum heimilt að fresta yfir tvenn áramót skattlagningu hagnaðar sem myndast hefur við umbreytingu skuldabréfs með breytirétti í hluti í nýsköpunarfyrirtæki.

#### 4. Kaupréttir starfsmanna sprotafyrirtækja

Við tekjuskattslögin bættist ný grein, 10. gr. a., sem mælir fyrir um að tekjur starfsmanna og stjórnarmanna í sprotafyrirtækjum vegna nýtingar kaupréttar í sprotafyrirtækjum skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Breytingunni er ætlað að liðka fyrir því að sprotafyrirtæki geti greitt umræddum aðilum fyrir störf sín með útgáfu kaupréttar til þeirra. Vegna reglna EES-samningsins um tímabindingu ríkisaðstoðar fellur ákvæðið sjálfkrafa úr gildi að tíu árum liðnum og tekur ekki gildi fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hefur staðfest að það samræmist reglum um ríkisaðstoð. Nánar er fjallað um skilyrðin sem þurfa að vera uppfyllt í kaflanum um **ýmsar aðrar breytingar.**

#### 5. Gengishagnaður

Tekjufærsla gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt á sér stað við úttekt af reikningi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan tekjuársins.

## 6. Afleiðusamningar

Litið er á tekjur af afleiðusamningum sem söluhagnað eigna. Engin staðgreiðsla er því af slíkum tekjum og heimilt er að jafna saman hagnaði og tapi af afleiðum á tekjuárinu.

## 7. Arfur

Erfðafjárskattur er 10%. Enginn erfðafjárskattur er greiddur af fyrstu kr. 6.203.409 af skattstofni nema um fyrirframgreiddan arf sé að ræða. Maki greiðir ekki erfðafjárskatt af arfi eftir maka sinn. Fari búskipti fram eftir lát beggja hjóna skal leggja erfðafjárskatt á arf erfingjanna eins og um eitt bú væri að ræða. Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir á dánar- eða arfleiðsludegi að frádregnum skuldum og kostnaði.

## 8. Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði

Hagnaður manns af sölu íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis telst almennt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst þó ekki til skattskyldra tekna hafi maður átt hið seldi í tvö ár eða lengur og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 600 m<sup>3</sup> á söluþingi ef um einstakling er að ræða (1200 m<sup>3</sup> ef hjón), nema um sé að ræða íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama gildir um hagnað af sölu búseturéttar og sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi manns enda séu uppfyllt framangreind skilyrði um eignarhaldstíma og stærðarmörk. Hagnaður af sölu frístundahúsnæðis getur einnig fallið undir fyrrgreinda undanþágu frá skattskyldu, að teknu tilliti til framangreindra stærðarmarka, ef frístundahúsnæði hefur verið nýtt af eigendum og ekki verið til útleigu gegn endurgjaldi, enda hafi eignarhald varað að lágmarki sjö ár.

## 9. Söluhagnaður vegna sölu bújarðar

Sé bújörð þar sem stundaður er landbúnaður seld með söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma er heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna af heildarsöluverðmætinu, til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninganna, í allt að 20 ár.

Þá getur skattaðili, sem stundað hefur búrekstur á bújörð í minnst fimm ár, af síðastliðnum átta árum, farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söluþingi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis í stað hinnar seldu jarðar. Í þeim tilfellum færast söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverðs hinnar nýju eignar. Sé stofnverðið lægra en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Með lagabreytingu 2023 var skert á því að þessi meðferð væri heimil óháð félagasölu búrekstrarins.

## IV. BÆTUR

### 1. Vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða við kaup á búseturétti skv. lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut

í almennri kaupleiðubúð skv. eldri lögum, eiga rétt á vaxtabótum. Rétturinn stofnast á því ári þegar íbúð eða eignarhluti er keyptur eða bygging er hafin. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum sem fram koma í skattframtali. Þegar aðeins annað hjóna er skattskýlt hér á landi eru vaxtabætur ákvarðaðar eftir þeim reglum sem gilda um hjón, að því gefnu að fyrir liggi upplýsingar um tekjur beggja.

Sérstakar reglur gilda til bráðabirgða um ákvörðun vaxtabóta við álagningu 2024. Vaxtabætur eru vaxtagjöld að frádregnum 8,5% af samanlögðum tekjuskattsstofni við ákvörðun vaxtabóta vegna tekna, eigna og skulda árið 2023. Bæturnar skerðast síðan hlutfallslega fari eignir að frádregnum skuldum fram úr kr. 7.500.000 hjá einstaklingi og kr. 12.000.000 hjá hjónum og þær falla niður þegar nettóeign nær kr. 12.000.000 hjá einstaklingum og kr. 19.200.000 hjá hjónum. Vaxtabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks.

Við ákvörðun vaxtabóta við álagningu 2024 er viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum 7% vegna tekna, eigna og skulda árið 2023. Vaxtabætur sem eru lægri en kr. 5.000 á mann falla niður.

Hámark vaxtabóta:	Vaxtabætur 2024	Vaxtabætur 2023
Einstaklingar	420.000 kr.	420.000 kr.
Einstætt foreldri	525.000 kr.	525.000 kr.
Hjón og sambúðarfólk	630.000 kr.	630.000 kr.

### 2. Barnabætur

Barnabætur árið 2024 eru greiddar vegna hvers barns innan 18 ára aldurs (f. 2006 eða síðar). Bæturnar eru tekjutengdar. Umtalsverðar breytingar voru gerðar á kerfinu um áramótin 2022/23 sem meðal annars fólust í því að sama fjárhæð fylgir hverju barni, óháð því hvort um frumburð er að ræða eður ei, að gefinni fjölskyldustöðu foreldra. Við ákvörðun barnabóta eru skerðingarmörk sameiginlegs tekjuskattsstofns foreldra í sambúð umfram kr. 9.785.000 og einstæðra foreldra umfram kr. 4.893.000. Hlutfall skerðingar er 5% með hverju barni. Til viðbótar barnabótum er greidd sérstök hækkun barnabóta að fjárhæð kr. 130.000 með öllum börnum yngri en sjö ára. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en kr. 5.000 á hvert barn falla niður.

	2024		2023	
	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar	Hjón/ sambúðarfólk	Einstæðir foreldrar
Með fyrsta barni	310.000 kr.	460.000 kr.	295.000 kr.	440.000 kr.
Hækkun vegna barna yngri en sjö ára	130.000 kr.	1380000 kr	138.000 kr.	138.000 kr

# ATVINNUREKSTUR

## I. OPINBER GJÖLD

1. Tekjuskattur lögaðila vegna 2024	Stofn
Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög .....21%	Hreinar tekjur
Aðrir lögaðilar .....38,4%	

Tekjuskattur lögaðila var hækkaður tímabundið til eins árs vegna gjaldársins 2025, þ.e. rekstrarársins 2024. Tekjuskattur félaga með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélaga hækkaði um eitt prósentustig, úr 20% í 21%, en tekjuskattur annarra lögaðila verður nú 38,4% eftir að hafa verið 37,6%. Breytingin var sett í bráðabirgðaákvæði við tekjuskattslögin og fellur, að óbreyttu, sjálfkrafa úr gildi næstu áramót.

2. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki (álagning 2024)	Heildarskuldur skv. framtali umfram 50 milljarða króna
Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki ..... 0,145%	

3. Fjársýsluskattur	Laun og þóknarir fyrir störf
Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, o.fl. .... 5,5%	

4. Sérstakur fjársýsluskattur	Tekjuskattstofn yfir 1 milljarð króna án tillits til samsk. og yfirf. taps
Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög o.fl. ....6%	

5. Útvarpsgjald
Álagning 2024 .....kr. 20.900

Skattskylda hvílir á innlendum lögaðilum. Ekki er lagt á dánarbú, þrotabú, eða lögaðila sem eru undanþegnir skattskyldu.

6. Gistináttaskattur
Gistináttaskattur hefur verið tekinn upp að nýju frá 1. janúar 2024. Nánar er fjallað um gistináttaskattinn, gistináttaeiningar og aðrar upplýsingar í kaflanum <b>ýmsar aðrar breytingar</b> .

Gistiaðstaða á tjaldsvæði og stæði ferðavagna .....kr. 300	Gistináttaeining
Hótel, gistiheimili og aðrir gististaði í flokki II-IV .....kr. 600	
Gistiaðstaða um borð í skemmtiferðaskipi á tollsvæði Íslands ..... kr. 1.000	

7. Tryggingagjald/Markaðsgjald
Til gjaldstofns teljast hvers konar laun og þóknarir, þ.á.m. mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðs. Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda teljast meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, ökutækjastyrkur, bifreiðaaftot o.þ.h., en þau skal reikna til gjaldstofns á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati fjármálaráðherra. Greiðslur launagreiðenda vegna fæðingarorlofs mynda ekki stofn til tryggingagjalds nema þær fari yfir ákveðið hámark. Hið

sama gildir um greiðslur sem ekki teljast til skattskyldra launa eða hlunninda, t.d. samgöngugreiðslur.

Tryggingagjald árið 2023:
Almennt gjaldstig ..... 6,35%
Sjómenn .....7,00%

Á staðgreiðsluárinu 2024 er tryggingagjaldshlutfallið samtals 6,35%. Þar af er tryggingagjaldið sjálft 4,90% atvinnuþryggingagjald 1,35%, gjald í ábyrgðasjóð launa 0,05% og markaðsgjald 0,05%. Sérstök trygging vegna sjómanna á fiskiskipum er 0,65% og bætist við almennt álagningarhlutfall.

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná ekki kr. 504.000 á árinu er gjaldanda heimilt, í stað þess að skila mánaðarlegri skilgrein, að senda skilgrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1(E-101) gilda sérstakar reglur, en þá greiðist aðeins hluti tryggingagjaldsins. Staðfesti slíkt vottorð að skattgreiðandi falli undir tryggingarlöggjöf annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, þrátt fyrir tímabundið starf á Íslandi, lækkar tryggingagjaldið niður í 0,425% af stofni til tryggingagjalds.

## II. AFSKRIFTARHLUTFÖLL OG FYRNINGAR

### Árið 2024

Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar fyrir færri en 9 menn aðrar en leigubifreiðar ..... 10-20%
Loftför og fylgihlutir ..... 10-20%
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki ..... 10-30%
Borpallar, leiðslukerfi og annar búnaður til notkunar við rannsóknir og vinnslu kolefnis ..... 10-30%
Skrifstofuáhöld og tæki ..... 20-35%
Vélar, tæki, bifreiðar og annað lausafé, sem ekki fellur undir ofangreint ..... 20-35%
Íbúðarhúsnæði, skrifstofu- og verslunarbyggingar ..... 1-3%
Verksmiðju- og verkstæðisbyggingar, vörugeymslur o.fl. .... 3-6%
Gróðurhús, bryggjur og plön þeim tengd ..... 6-8%
Borholur, raflínur og óvaranlegar vinnubúðir ..... 7,5-10%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum ..... 15-20%
Keypt viðskiptavild ..... 10-20%

Á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 var heimilt að fyrna skráningarskyld ökutæki, að fullu á kaupári þess niður að niðurlagsverði eignar enda sé ökutækið aðeins knúið af metani, metanóli, rafmagni eða vetni og að öllu leyti nýtt í skattskyldri starfsemi.

Á árunum 2021-25 er heimilt að fyrna lausafé, þ.m.t. skip, loftför, bifreiðar, vélar

og tæki, sem aflað er á árunum 2021-22, um allt að 50% af fyrningargrunni, allt að niðurlagsverði eignar. Að auki er heimilt að reikna sérstakt fyrningarálag á stofnverð eigna sem aflað er á árunum 2021-25 og teljast umhverfisvænar og stuðla að sjálfbærri þróun. Umræddar eignir verða að teljast til vistvænna samgangna, endurnýjanlegrar orku, hreinsun fráveituvatns eða sjálfbærrar stýringar á náttúruauðlindum og landnotkun til að njóta fyrningarálags, eða eru umhverfsvottaðar af viðurkenndum aðilum og falla undir tiltekin skilyrði. Álagið sjálft er á bilinu 13,18-25% eftir því hvort um einstakling í atvinnurekstri eða lögaðila er að ræða. Áður var heimilt að reikna fyrrneft fyrningarálag á stofnverð allra eigna en með lagabreytingu, sem tók gildi um mitt ár 2022, var heimildin þrengd og tekur nú aðeins til lausafjár. Fyrning fyrningarálags hefst á rekstrarárinu 2023. **Frekari skilyrði er að finna í bráðabirgðaákvæði LXX. við lög nr. 90/2003 og reglugerð nr. 565/2022.**

Lausafjarmunir eru afskrifaðir samkvæmt stiglækkandi fyrningum. Það felur í sér að fyrningarfyrning eignarinnar er bókfært verð hennar, þ.e. stofnverð hennar að frádregnum áður fengnum fyrningum. Mannvirki, eyðanleg náttúruauðæfi, keypt viðskiptavild og keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum eru hins vegar afskrifuð samkvæmt línulegri fyrningu. Þá er fyrningarfyrning eignarinnar upphaflegt kaupverð hennar. Eignir, aðrar en keyptur eignarréttur að hugverkum, auðkennum og keypt viðskiptavild, má aldrei fyrna meira en svo að 10% af stofnverði standi eftir sem niðurlagsverð eignar.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarfyrning. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæða er undir kr. 600.000 er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári sem þeirra er aflað. Þá er heimilt að færa niður stofnkostnað á því ári sem viðkomandi eign myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar, þ.á.m. aflaheimildir, er ekki heimilt að fyrna. Verðmæti slíkra réttinda er ekki heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum

### III. ÖNNUR ATRIÐI ER VARÐA AÐILA Í ATVINNUREKSTRI

#### 1. Samsköttun

Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög séu skattlögð saman. Hið sama gildir nú um innlend dótturfélög og fastar starfsstöðvar hluta- og einkahlutafélaga sem skráð eru í aðildarríkjum EES eða í Færeyjum (heimildin tekur ekki til stofnríkja EFTA og þar með ekki Sviss). Þá geta innlend dótturfélög undir eignarhaldi samstæðufélaga í öðrum aðildarríkjum EES eða Færeyjum notið samsköttunar og skal þá tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattstofni hinna innlendu félaga lagður á eitt þeirra. Þá er innlendu móðufélagi heimilt að óska eftir takmarkaðri samsköttun með dótturfélögum sínum skráðum í aðildarríki EES eða í Færeyjum. Í henni felst

að heimilt er að nýta rekstrartap dótturfélags sem myndast hefur frá upphafi samsköttunar á því ári sem félagi er slitið og tapið telst sannanlega ónýtanlegt. Skilyrði nýtingar taps eru meðal annars að um raunverulega atvinnustarfsemi hafi verið að ræða, starfsemi hafi verið hætt í erlenda ríkinu og ekki hafi verið unnt að nýta tapið þar.

Skilyrði samsköttunar eru að móðurfélag eigi a.m.k. 90% hlutafjár í dótturfélagi, að öll hlutafélögin hafi sama reikningsár, eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um stofnun eða slit á dótturfélagi er að ræða, og að samsköttunin standi að lágmarki í fimm ár. Samsköttun fellur niður með félagi sem tekið er til gjaldþrotaskipta eða slitameðferðar.

#### 2. Stofn til staðgreiðslu af arði

Stofn til staðgreiðslu af arði telst arður af hlutum og hlutabréfum í hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum, þ.e. sú fjárhæð sem þau félög greiða, að undanteknum arði sem greiddur er á milli hlutafélaga, einkahlutafélaga eða samlagshlutafélaga sem eru sjálfstæðir skattaðilar.

#### 3. Samskráning á virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög eða einkahlutafélög verði samskráð á virðisaukaskattsskrá. Skilyrði samskráningar eru þau sömu og fyrir samsköttun í tekjuskatti. Umsókn skal send ríkisskattstjóra ekki síðar en 8 dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningu er ætlað að taka til.

#### 4. Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum

Söluhagnaður vegna sölu hlutafélaga og einkahlutafélaga á hlutabréfum er frádráttarbær frá tekjum óháð eignarhluta og jöfnun taps. Frádrátturinn gildir bæði um sölu innlendra og erlendra hlutabréfa, þó þannig að ef um er að ræða sölu á erlendum hlutabréfum skal hagnaður hins erlenda félags vera skattlagður með svipuðum hætti og hjá íslenskum félögum og í skatthlutfalli sem ekki er lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD eða á Evrópska efnahagssvæðinu. Söluþap er ekki frádráttarbært til skatts. Sama gildir um söluhagnað félaga í sömu félagaformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

#### Kaupár Útreikningur á skattskyldum söluhagnaði

1996 og fyrr	Mismunur á söluverði og kaupverði. Kaupverð í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað skv. verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
1997-2001	Mismunur á söluverði og kaupverði. Kaupverð í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
2002-2021	Mismunur á söluverði og kaupverði.



## 5. Arðstekjur hlutafélaga

Hlutafélögum og einkahlutafélögum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttækinn arð sem þau fá frá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Hið sama gildir um móttækinn arð erlendis frá, hafi hagnaður erlenda félagsins, sem verið er að úthluta, verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall, sem lagt er á hagnað hins erlenda félags, sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD, Evrópska efnahagssvæðisins., Fríverslunarsamtökum Evrópu eða í Færeyjum. Sama gildir um fjárhæð sem félag í sömu félagaformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið greidda í arð. Arðgreiðslur milli hlutafélaga, einkahlutafélaga og samlagshlutafélaga sem eru sjálfstæðir skattaðilar eru undanskildar stofni til staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

## 6. Frádráttur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna

Við álagningu á árinu 2024, vegna rekstrarársins 2023, gildir að nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hefur staðfestingu Rannís á rétt á sérstökum frádrætti frá tekjuskatti sem nemur 35% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna í tilviki lítil og meðalstórra fyrirtækja en 25% í tilviki stórra fyrirtækja enda sé kostnaðurinn frádráttarbær samkvæmt skattalögum. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera kr. 1.100.000.000 á rekstrarári en þar af skal heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að kr. 200.000.000 vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu frá ótengdum aðilum. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður skattfrádráttur er mismunurinn greiddur út. [Sjá nánar reglugerð nr. 758/2011 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.](#)

## 7. Frádráttur vegna framlaga til almannaheillafélaga og/eða kolefnisjöfnunar

Heimild lögðila til árlegs tekjufrádráttar vegna framlaga til almannaheillafélaga, sem skráð eru í almannaheillafélagaskrá, nemur 1,5% af heildartekjum ársins. Lögðilum er að auki heimilt að styrkja starfsemi sem stuðlar að kolefnisjöfnun, t.a.m. skógrækt og endurheimt votlendis, um annað eins. Heildarfrádráttur lögðila getur því numið 3% á ári hverju.

## 8. Eftirstöðvar rekstrartapa

Frá skattskyldum tekjum á rekstrarárinu 2023 (framtal 2024) er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum, enda hafi ekki orðið veruleg breyting á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á.

## 9. Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða telst vera með ráðandi stöðu í atvinnurekstri vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skal reikna sér til tekna ekki lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns, barna hans, venslamanna og nákominna ættingja, sem innt er af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

## Viðmiðunarfrjárhæðir reiknaðs endurgjalds á mánuði árið 2024 (lágmarksviðmiðanir):

<b>Flokkur A</b>	Sérfræðipjónusta (7 flokkar): kr. 1.050.000 – 2.100.000
<b>Flokkur B</b>	Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta (6 flokkar): kr. 596.000 – 1.766.000
<b>Flokkur C</b>	Fjölmiðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölu- starfsemi eða þjónusta o.fl. (7 flokkar): kr. 621.000 – 1.706.000
<b>Flokkur D</b>	Iðnaðarmenn (3 flokkar): kr. 516.000 – 849.000
<b>Flokkur E</b>	Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda (5 flokkar): kr. 413.000 – 776.000
<b>Flokkur F</b>	Sjómennska (5 flokkar): kr. 712.000 – 1.065.000
<b>Flokkur G</b>	Landbúnaður (6 flokkar): kr. 232.000 – 655.000
<b>Flokkur H</b>	Makar og nákomnir venslamenn (3 flokkar): kr. 355.000 – 1.089.000 Börn (2 flokkar): kr. 214.000 – 248.000

Reiknað endurgjald í flokkum F(1) til F(4) skal að lágmarki miðast við aflahlut skv. kjarasamningi og hliðstæðar greiðslur til annarra skipverja á sama skipi eða hliðstæðu. Reiknað endurgjald og greidd laun af aflahlut samtals skulu ekki vera lægri en 30% af 70% aflaverðmæti bátsins, eða ekki lægri en heildarviðskiptaverðmæti samkvæmt ákvæðum viðeigandi kjarasamninga séu þeir fyrir hendi.

## 10. Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda (þunn eiginfjármögnun)

Frádráttur vaxtagjalda og affalla skattaðila vegna lánaviðskipta við tengda aðila takmarkast við 30% af hagnaði skattaðilans. Þau vaxtagjöld og afföll sem umfram eru koma ekki til frádráttar. Með hagnaði er átt við hagnað samkvæmt ársreikningi að viðbættum tekjuskatti, fjármagnsliðum, afskriftum og niðurfærslum fastafjármuna. Hafi skattaðili fært í rekstrarreikning hlutdeildartekjur frá öðru félagi innan samstæðu skal draga þær frá framangreindum hagnaði og bæta við úthlutuðum arði frá sama félagi hafi arðgreiðsla átt sér stað.

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda á ekki við ef;

- vaxtagjöld og afföll skattaðila vegna lánaviðskipta við tengda aðila eru lægri en kr. 100 millj. Séu vaxtagjöld og afföll hærri en kr. 100 millj. falla aðeins þær fjárhæðir sem umfram eru undir takmörkun á frádrætti,
- vaxtagjöld eru greidd vegna lánaviðskipta innan samstæðu sem nýtur heimildar til samsköttunar eða uppfyllir skilyrði til samsköttunar, þegar öll félag samstæðu eru heimilisföst á Íslandi,
- skattaðili sýnir fram á að eiginfjárlutfall hans sé eigi lægra en tveimur prósentustigum undir eiginfjárlutfalli samstæðu sem hann tilheyrir eða
- skattaðili er fjármálfyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki, váttryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi eða félag í eigu fyrrgreindra aðila sem starfar í sambærilegum rekstri.

Undanþágan varðandi eiginfjárlutfall skattaðila gildir þó ekki ef eigið fé skattaðila var hækkað innan við sex mánuðum fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og

lækkað aftur að samsvarandi fjárhæð innan við sex mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Hafi skattaðili bókfært eignarhlut í öðru fyrirtæki samstæðunnar samkvæmt hlutdeildaraðferð ber við útreikning á eiginfjárlutfalli að miða við kostnaðarverð eignarhlutans.

#### 11. Skattlagning vegna erlends eignarhalds í félögum og sjóðum á lágs-kattasvæðum

Ef skattaðili á beint eða óbeint 50% eða meiri eignarhlut í félagi eða sjóði á lágs-kattasvæði leiðir það til þessa að hagnaður félagsinstelst til atvinnurekstrartekna samkvæmt íslenskum reglum. **Fjármálaráðherra hefur gefið út reglugerð nr. 1102/2013**, um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágs-kattasvæðum. Heimild til að endurákvæða skatt skv. 96. gr. laga um tekjuskatt tekur til síðustu tíu ára á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram vegna tekna og eigna skattaðila í lágs-kattaríkjum.

#### 12. Eftirgjöf skulda og umbreyting krafna í hlutafé

Í stað þess að telja að fullu til tekna eftirgjöf skulda umfram rekstrartöp vegna greiðsluferfiðleika á árunum 2020, 2021 og 2022 skal lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vera heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að færa á milli tekjuáranna 2020 til og með 2022 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranleg rekstrartöp og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu. Standi eftir í árslok 2022 eftirgjöf skulda sem er hærri en kr. 500 millj. er skattaðila heimilt að færa það sem umfram er til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2023 til og með 2027. Sé eftirgjöf lægri en kr. 500 millj. í lok árs 2022 færast hún ekki til tekna.

Þegar kröfu er breytt í hlutafé í skuldsettu félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Sé skipt á kröfu og hlutafé skal fara fram mat á verðmæti hlutafjárins og skal matsverðið miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins. Mat á verðmæti hlutafjár skal unnið af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram á milli eignatengdra aðila.

### IV. VIRÐISAUKASKATTUR

#### 1. Skattþrep virðisaukaskatts

Almennt skattþrep virðisaukaskatts er 24%. Lægra skattþrep virðisaukaskatts er 11%.

#### 2. Endurgreiðsla virðisaukaskatts og aðrar ívilnanir

Unnt er að sækja um endurgreiðslu virðisaukaskatts allt að sex ár aftur í tímann frá dagsetningu reiknings. Endurgreiðsla er háð því að endurgreiðsla hafi verið heimil að lögum á útgáfudagsetningu reiknings.

Frá 1. júlí 2023 skulu þeir sem byggja íbúðarhúsnæði fá 35% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað endurgreiddan. Endurgreiða

skal eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald húsnæðisins. Skilyrði endurgreiðslu er að seljandi þjónustu sé skráður á virðisaukaskattskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað. Frá 1. september 2022 til 30. júní 2023 nam endurgreiðsluhlutfallið 60%.

Réttur til 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhalds og viðgerða á bifreiðum, kostnaðar vegna hönnunar og eftirlits við byggingu íbúðar- eða frístundahúsnæðis, vegna vinnu við byggingu, endurbætur eða viðhalds frístundahúsnæðis eða vegna vinnu við heimilisaðstoð eða reglulega umhirðu heimilis, féll niður að fullu 30. júní 2022. Réttur sveitarfélaga eða stofnana og félaga í þeirra eigu féll niður frá sama tímamarki. Réttur til 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingu, endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis féll niður 31. ágúst 2022 og hefur endurgreiðsluhlutfallið verið 60% frá þeim tíma.

Á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 var heimilt að endurgreiða byggjendum eða eigendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við uppsetningu hleðslustöðvar fyrir bifreiðar í eða við íbúðarhúsnæði eða á byggingarstað íbúðarhúsnæðis svo og vegna kaupa á hleðslustöð til uppsetningar í eða við íbúðarhúsnæði.

Á tímabilinu 1. janúar 2022 til 31. desember 2025 skal endurgreiða lögaðilum sem skráðir eru á almannaeillaskrá 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum, eða sérgreindum matshlutum þeirra, sem alfarið eru í eigu þeirra.

Þegar sannanlega er flutt úr landi flúoruð gróðurhúsalofttegund sem skattur var sannanlega greiddur af við innflutning, getur skattskyldur aðili sótt um endurgreiðslu á þeim skatti hafi ekki liðið meira en 12 mánuðir frá tollafgreiðslu hennar, frá og með 1. janúar 2020.

Á tímabilinu 1. júlí 2022 til 31. desember 2027 skal endurgreiða að fullu virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið við innflutning eða fyrstu sölu nýs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtir rafmagn eða vetni sem orkugjafa. Hið sama gildir um virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið við innflutning og fyrstu sölu notaðs loftfars, hreyfils eða loftskrúfu sem nýtir sömu orkugjafa enda sé hið innflutta yngra en þriggja ára á innflutnings- og söludegi.

#### 3. Gjald vegna virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar

Sérstakt gjald að fjárhæð kr. 5.000 er lagt á hverja virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar virðisaukaskatts á viðkomandi skattaðila.

#### 4. Fjárhæðamörk skráningarskyldu

Fjárhæðamörk þeirra sem eru skráningarskyldir vegna virðisaukaskatts eru kr. 2.000.000.

#### 5. Synjun um skráningu á virðisaukaskattsskrá

Heimilt er að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að hann hafi ekki uppfyllt framtalsskyldur sínar á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu og opinber gjöld hans af þeim sökum

áætluð, enda sé aðili ekki með gilda greiðsluáætlun við innheimtumann ríkissjóðs. Enn fremur er heimilt að synja aðila um skráningu að nýju á virðisaukaskattsskrá hafi hann ekki gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum eða virðisaukaskatti. Í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri heimilað aðila að leggja fram tryggingu í formi skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka fyrir vangeiddum virðisaukaskatti að viðbættu álagi, vöxtum og innheimtukostnaði.

#### 6. Heimild til að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá / stöðva atvinnurekstur

Ríkisskattstjóra er heimilt að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá sem ekki hafa orðið við ítrekuðum beiðnum ríkisskattstjóra um að leggja fram gögn og upplýsingar um rekstur sinn. Hið sama gildir ef aðili sætir áætlun samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur, er í vanskilum með álagðan virðisaukaskatt eða önnur opinbergjöld, enda sé hann ekki með gilda greiðsluáætlun vegna vanskila.

Ef skattaðili er skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá, skal hann nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár. Í þeim tilfellum er gjalddagi virðisaukaskatts 15 dögum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Hið sama gildir um ný- og endurskráningar á virðisaukaskattsskrá ef gjaldandi sjálfur, eigandi hans, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Nýskráðum og endurskráðum aðilum ber einnig að haga skilum sínum á þennan hátt ef eigandi félags, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá. Þá hefur ríkisskattstjóri heimild til að stöðva atvinnurekstur skattaðila ef þeir t.d. vanrækja að færa bókhald eða nota tilskilið söluskráningarkerfi, vanrækja tilkynningarskyldu eða skilaskyldu á virðisaukaskatti, eða sæta áætlun á virðisaukaskatti í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum tveimur árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili.

#### 7. Takmarkanir á færslu innskatts

Heimild til færslu innskatts er háð því að viðsejandi skattaðilans sé á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað. **Sjá nánar 16. gr. laga nr. 50/1988 og reglugerð um innskatt nr. 192/1993.**

#### 8. Virðisaukaskattsívilnanir fyrir umhverfisvæn faratæki

Ívilnanir eru í gildi fyrir rafmangs- eða vetnisbifhjól, létt bifhjól knúin rafmagni, rafmagnsreiðhljól og rafmagnshlaupahjól til ársloka 2024. Fjárhæðarmörk má finna í **bráðabirgðaákvæði XXIV. við lög nr. 50/1988**. Heimild til að fella niður virðisaukaskatt eða telja til undanþeginnar veltu fjárhæð að ákveðnu hámarki við innflutning og skattskylda sölu rafmangs- eða vetnisbifreiðar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum féll niður í árslok 2023. Virðisaukaskattsívilnanir fyrir tengiltvinnbifreiðar féllu niður 31. desember 2022.

Á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2025 er handhafa rekstrarleyfis ökutækjaleigu heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu tilteknar fjárhæðir vegna endursölu rafmangs-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða. Upphæðin nemur kr. 5.500.000 vegna hverrar rafmangs- eða vetnisbifreiðar en kr. 2.000.000 vegna tengiltvinnbifreiða. Heimildin er háð því að virðisaukaskattur hafi verið felldur

niður við innflutning eða fyrstu sölu bifreiðarinnar, á grunni ívilnandi ákvæða þar um, og að gjaldandi geti lagt fram gögn því til stuðnings.

#### 9. Heimild erlendra aðila sem veita rafrænt afhenta þjónustu o.fl. til að skrá sig á virðisaukaskattsskrá

Erlendum atvinnufyrirtækjum, sem veita hér á landi rafrænt afhenta þjónustu, fjarskiptabjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja, er heimilt að skrá sig annaðhvort í almennri skráningu eða einfaldri skráningu hér á landi. Einfalda skráningin mun fara fram í rafrænu skráningarkerfi en þau atvinnufyrirtæki sem skrá sig í einfaldri skráningu hafa ekki heimild til að færa virðisaukaskatt til innskatts.

#### 10. Virðisaukaskattur vegna umboðssölu

Skattaðila, sem móttækur lausafé frá einstaklingi utan rekstrar til umboðssölu, er heimilt að miða skattverð við sölubóknun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Meðal annars er skilyrði að skriflegur samningur liggja fyrir, kveðið sé um sölubóknun, ýmist fasta fjárhæð eða hlutfall af söluverði lausafjár, og að söluverð einstakra muna eða samstæðu þeirra nemi að hámarki kr. 100.000.

# AÐRAR UPPLÝSINGAR

## VÍSITÖLUR<sup>1</sup>

	Janúar 2024	Janúar 2023	Breyting
<b>Byggingarvísitala<sup>2</sup></b>	117,0	110,6	+5,78%
<b>Lánskjaravísitala</b>	11.962	11.075	+8,00%
<b>Neysluverðsvísitala til verðtryggingar</b>	605,8	560,9	+8,00%

## TVÍSKÖTTUNARSAMNINGAR

Í eftirfarandi töflu má finna þau ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við. Enginn nýr tvísköttunarsamningur var undirritaður á árinu 2023. Tvísköttunarsamningur við Ástralíu tekur gildi frá og með 1. janúar 2024. Í töflunni eru enn fremur upplýsingar um afdráttarskatthlutfall á arði sem félag heimilisfast í öðru samningsríkinu greiðir félagi í hinu samningsríkinu og um lækkað afdráttarskatthlutfall. Neðangreind skatthlutföll gilda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en ekki gefst kostur á að birta þau öll hér. Í töflunni má einnig sjá afdráttarskatthlutfall vaxta og þóknana (e. royalties).

Land	Arður		Vextir	Þóknarir
	Einst./Ft.	Lækkað hlutf. <sup>3</sup>		
Albanía	10%	5%	10%	10%
Austurríki	15%	5%	0%	5%
Bandaríkin	15%	5%	0%	0 / 5% <sup>4</sup>
Barbados	15%	5%	10%	5%
Belgía	15%	5%	10%	0%
Bretland <sup>5</sup>	15%	5%	0%	0%
Eistland	15%	5%	10%	5% / 10% <sup>6</sup>
Frakkland	15%	5%	0%	0%
Georgía	10%	5%	5%	5%
Grikkland	15%	5%	8%	10%
Grænland	15%	5%	0%	15%
Holland	15%	0%	0%	0%
Indland	10%	—	10%	10%
Írland	15%	5%	0%	0% / 10% <sup>4</sup>
Ítalía	15%	5%	0%	5%
Japan	15%	5%	10%	0%
Kanada	15%	5%	10%	0% / 10% <sup>4</sup>
Kína	10%	5%	10%	10%
Króaítía	10%	5%	10%	10%
Kýpur	10%	5%	0%	5%
Lettland	15%	5%	10%	5% / 10% <sup>4</sup>

Liechtenstein	15%	0%	0%	5%
Litháen	15%	5%	10%	5% / 10% <sup>4</sup>
Lúxemborg	15%	5%	0%	0%
Malta	15%	5%	0%	5%
Mexíkó	15%	5%	10%	10%
Norðurlönd <sup>7</sup>	15%	0%	0%	0%
Portúgal	15%	10%	10%	10%
Pólland	15%	5%	10%	10%
Rúmenía	10%	5%	3%	5%
Rússland	15%	5%	0%	0%
Slóvakía	10%	5%	0%	10%
Slóvenía	15%	5%	5%	5%
Spánn	15%	5%	5%	5%
Suður-Kórea	15%	5%	10%	10%
Sviss	15%	0%	0%	0%
Tékkland	15%	5%	0%	10%
Ungverjaland	10%	5%	0%	10%
Úkraína	15%	5%	10%	10%
Víetnam	15%	10%	10%	10%
Þýskaland	15%	5%	0%	0%

## UPPLÝSINGASKIPTASAMNINGAR

Samningar eru í gildi um upplýsingaskipti um skattamál við stjórnvöld á Andorra, Angvilla, Antíga og Barbúda, Arúba, Bahamaeyjum, Barein, Belís, Bermúdaeyjum, Botswana, Bresku Jómfrúreyjum, Brúnei Darússalam, Cayman-eyjum, Cookseyjum, Dóminíku, Gíbraltar, Grenada, Guernsey, Hollensku Antillur, Hong Kong í Alþýðuveldinu Kína, Jamaíku, Jersey, Kosta Ríka, Liechtenstein, Líberíu, Makaó, Marshall eyjar, Míritíus, Montserrat, Mónakó, Mön, Niue, Panama, Samóa, San Marínó, Sankti Lúsíu, Seychelles-eyjum, Turks- og Caicos-eyjum og Úrugvæ, ásamt samningum um að komast hjá tvísköttun einstaklinga hvað varðar skatta á tekjur og fyrirtæki sem reka skip eða loftför í flutningum á alþjóðaleiðum, og um gagnkvæmt samkomulag í tengslum við leiðréttingu á hagnaði tengdra fyrirtækja.

Þá er í gildi FATCA samningur á milli Íslands og Bandaríkjanna um upplýsingaskipti vegna fjármálastofnana.

<sup>1</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

<sup>2</sup> Mæling vísitölunnar var frá júní 1987 til desember 2021 á grunni sérлага um vísitölu byggingarkostnaðar sem féllu úr gildi 31. desember 2021. Mælingin byggir nú á grundvelli laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Grunnur vísitölunnar tók breytingum við þetta en frá 1. janúar 2022 er verð mælt án virðisaukaskatts en var áður með virðisaukaskatti. Samanburðartölurnar í töflunni miða við desembermánuð 2021 og 2022.

<sup>3</sup> Til þess að fyrirtæki fái notið þessa skatthlutfalls þarf viðtakandi arðgreiðslu að eiga lágmarks eignarhlut í fyrirtækinu. 25% eignarhlut þarf til í flestum löndum, en 10% eignarhlutur nægir í tilvikum Austurríkis, Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Hollands, Ítalíu, Kanada, Kypur, Liechtenstein, Moltu, Mexíkó, Norðurlanda og Sviss. Varðandi Japan þá þarf fyrirtækið að eiga a.m.k. 10% af fjármagni þess félags sem er heimilisfast á Íslandi þegar það greiðir út arðinn eða atkvæðisrétt í því félagi sem er heimilisfast í Japan þegar það greiðir út arðinn.

<sup>4</sup> Lægri talan á við um afnot af vörumerki og upplýsingum sem látnar eru í té í tengslum við það ásamt kvikmyndum sem fjölfaldaðar eru á filmu og eru aetlaðar til notkunar í tengslum við sjónvarp.

<sup>5</sup> Með ákvæði til bráðabirgða við tekjuskattslögin var breskum félögum veittur réttur, með afturvirkum hætti til ársins 2021, til lækkunar afdráttarskatts á arðsgreiðslur frá íslenskum félögum. Með breytingunni eru bresk félög jafnsett félögum sem stofnsett eru í ríkjum EES. Ákvæðið fellur úr gildi við næstu breytingar á tvísköttunarsamningi Íslands og Bretlands.

<sup>6</sup> Lægri talan á við um tækjaleigu.

<sup>7</sup> Tvísköttunarsamningur við Danmörk, Finnland, Færeyjar, Noreg og Svíþjóð.

## ÝMSAR AÐRAR BREYTINGAR

### Tollar og gjöld

Frá og með 1. janúar 2024 taka gildi margvíslegar breytingar á ýmsum krónutölugjöldum, þ.m.t. gjöldum af áfengi og tóbaki, vörugjald af ökutækjum og eldsneyti, oliugjald og kílómetragjald og bifreiðagjald.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæða er undir kr. 600.000 er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári sem þeirra er aflað. Til ársins 2023 hafði fjárhæðin verið kr. 250.000.

### Kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða

Um áramóttintókugildinýlögum kílómetragjaldá hreinorku- og tengiltvinnbifreiðar. Löggin fela í sér að á árinu 2024 munu eigendur eða umráðamenn rafmagns- og vetnisbifreiða, í flokki fólks- og sendibifreiða, greiða kr. 6 fyrir hvern ekinn kílómetra, en eigendur tengiltvinnbifreiða í sömu stærðarflokkum kr. 2 vegna sama gjalds. Á árinu 2024 er stefnt að framlagningu frumvarps um álagningu kílómetragjalds vegna notkunar allra ökutækja, óháð orkugjafa. Samhliða er ráðgert að lækka og fella niður eldri gjöld á borð við vörugjald. Kílómetragjald mun leggjast á bifreiðar, sem skráðar eru tímabundið hér á landi, frá og með 1. júlí 2024.

Eigendum eða umráðamönnum hreinorku- og tengiltvinnbifreiða ber að skrá kílómetrastöðu bíla sinna inn á Ísland.is fyrir 20. janúar 2024, ellegar leggst sérstakt vanskráningargjald, kr. 20.000, á eiganda. Fyrsti gjalddagi gjaldsins er 1. febrúar 2024, vegna notkunar í janúarmánuði. Undanþegnar gjaldskyldu eru bifreiðar í eigu björgunarsveita, erlendra sendiráða eða sendiráðsmanna og bifreiðar í eigu aðila sem eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, á grundvelli alþjóðasamninga, tvíhliða samninga eða annarra sérлага.

### Gistináttaskattur

Gistináttaskattur er innheimtur að nýju frá 1. janúar 2024. Skatturinn leggst á hverja selda gistináttaeiningu, en með gistináttaeiningu er átt við leigu á gístiaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Gístiaðstaða telst vera húsnæði eða svæði, þ.m.t. tjaldsvæði eða um borð í skemmtiferðaskipi sem liggur í íslenskri höfn eða á tollsvæði ríkisins, sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan almennt til skemmri tíma en eins mánaðar. Skatturinn leggst ekki á gistináttaeiningar sem afhentar eru á árinu 2024 eða síðar hafi sölureikningur fyrir heildarverði gistingar verið gefinn út fyrir 1. janúar 2024.

Uppgjörstímabil gistináttaskatts er hið sama og í tilfelli virðisaukaskatts hjá aðilum í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Uppgjörstímabil rekstraraðila skemmtiferðaskipa, sem ekki eru notuð í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, telst vera það tímabil sem skipið er statt á íslensku tollsvæði hverju sinni. Gjalddagi í tilfelli skemmtiferðaskipa er sá dagur er það yfirgefur tollsvæðið en hjá öðrum aðilum sá sami og gjalddagi vegna virðisaukaskattstímabils.

### Ýmsar aðgerðir til að bregðast við jarðhræringum á Reykjanesi

Vegna náttúruhamfara í Grindavík telst eftirgjöf af vöxtum og verðbótum af skulda

manna utan atvinnurekstrar, sem reiknast af allt af 50 m.kr. vegna tímabilsins nóvember 2023 til janúar 2024, af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, ekki til skattskyldra tekna við álagningu 2024 og 2025. Ákvæðið tekur ekki til eignaauka sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákvarða að á árinu 2024 megi lækka eða fella niður fyrirframgreiðslu gjaldenda upp í tekjuskatt sem lagður er á á því ári vegna tekna ársins 2023 eða ákvarða aðra gjalddaga fyrirframgreiðslna en mælt er fyrir um í þeim ákvæðum vegna náttúruhamfara í Grindavík. Sömu leiðis er ríkisskattstjóra, samkvæmt tilmælum eða eftir samráð við ráðherra, að fella niður álag á vangreiddan virðisaukaskatt, vegna uppgjörstímabils frá 1. september 2023 til og með 31. desember 2024, vegna force majeure atvika. Heimildin er bundin við virðisaukaskattskylda aðila með skráð lögheimili og/eða skráða starfstöð í Grindavík 10. nóvember 2023.

Enn fremur er launagreiðendum, sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum á staðgreiðslu tryggingagjalds, sem eru á gjalddaga 1. desember 2023 til og með 1. febrúar 2024. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur réttilega til er 15. apríl 2024. Hið sama gildir um afdregna staðgreiðslu vegna launa á sama tímabili. Heimildirnar eru bundnar tilteknum skilyrðum, sambærilegum þeim sem giltu um hlutabótaleiðina á tímum farsóttarinnar.

### Kaupréttir til starfsmanna sprotafyrirtækja

Til að undanþágan eigi við þurfa öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt; í fyrsta lagi þarf fyrirtækið að hafa hlotið staðfestingu hjá Rannís áður en samningur er gerður og að vinnuframlag þess sem hann hlýtur sé eingöngu í tengslum við hið staðfesta verkefni. Í öðru lagi verða minnst átján mánuðir að líða þar til rétturinn er nýttur, auk þess að samningur um réttindin skal vera óframseljanlegur og ekki til lengri tíma en átta ára. Í þriðja og síðasta lagi skal kaupverð samkvæmt kaupréttarsamningi vera að minnsta kosti jafnt gangverði við gerð samnings. Í þeim tilfellum sem gangverð liggur ekki fyrir skal miða við bókfært virði eigin fjár samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi.

Tekjur samkvæmt kaupréttarsamningi, sem undir ákvæðið fellur, koma til skattlagningar við sölu á mótteknum hlutum. Ákvarðast tekjurnar sem mismunur á kaupverði samkvæmt samningnum og söliverði, en þann mismun má ekki telja til rekstrarkostnaðar. Kaup einstaklings samkvæmt kaupréttarsamningi veita ekki rétt til frádráttar frá tekjum.

### Upphafsdagur og samþykkt samruna og skiptinga

Á árinu var nýjum málslið var bætt við 54. gr. tekjuskattslaga þess efnis að samruni eða skipting skuli samþykkt í öllum félögum á sama ári og upphafsdagur samruna miðast við. Með öðrum orðum, til að samruni eða skipting hafi ekki skattaleg áhrif fyrir hluthafa eða félögin sem taka þátt í samruna eða skiptingu, þarf upphaf og lok samruna að eiga sér stað innan sama tekjuárs. Sé skilyrðið ekki uppfyllt er um að ræða skattskylda yfirfærslu eigna.

### Áfengisgjald lítilla brugghúsa

Frá byrjun árs 2024 er heimilt að lækka áfengisgjald lítilla brugghúsa um helming að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Brugghús telst lítið ef heildarframleiðsa áfengs öls og bjór á næstliðnu almanaksári var minni en 2.500.000 sentilítrar af vínanda og brugghúsið er sjálfstætt, þ.e. ekki sé til staðar annar áfengisframleiðandi sem fer beint eða óbeint með meira en helming atkvæðisréttar í gjaldanda. Lækkunarheimildin takmarkast við 550.000 sentilítra af vínanda á hvern gjaldskyldan framleiðanda.

### Bakfærsla varúðarniðurfærslu fyrra árs

Nýjum málslið var bætt við tvo töluliði 31. gr. tekjuskattslaga, sem samkvæmt lögskýringargögnum felur í sér lögfestingu skattframkvæmdar sem verið hefur við lýði um árabíl. Er nú tekið af skarið um að bakfæra skuli varúðarfærslu fyrra árs, og fyrri ára ef því er að skipta, áður en niðurfærsla ársins er færð til bókar. Ekki er um að ræða sjálfstæða heimild til að gjaldfæra 5% af virði eigna á hverju ári heldur aðeins mismun milli ára. Hafi virði eignanna hækkað milli ára færast hlutfallslega meira til gjalda á yfirstandandi ári en hafi virðið lækkað er hlutfallslega minna fært til gjalda en árið áður.

## GENGI

Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands.

	Mið	Mið	Breytingar
	31.12.2023	31.12.2022	
USD	136,20	142,04	-4,11%
GBP	173,18	170,81	1,39%
DKK	20,193	20,372	-0,88%
NOK	13,389	14,41	-7,09%
SEK	13,563	13,622	-0,435%
CHF	162,53	153,85	5,64%
CAD	102,79	104,92	-2,03%
JPY	0,9627	1,0771	-10,62%
XDR	183,02	189,68	-3,51%
EUR	150,50	151,5	-0,66%

Meðaltal miðgengis árið 2023.

USD	GBP	DKK	NOK	SEK	CHF	CAD	JPY	XDR	EUR
137,98	171,46	20,016	13,072	13,004	153,49	102,21	0,9838	184,04	149,14

Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. **Fyrir frekari upplýsingar; [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about).**

Deloitte Legal ehf. er lögmannsstofa á Íslandi. Deloitte Legal vörumerkið vísar til lögmannsstofa aðildarfélaga DTTL og tengdra félaga þeirra sem veita lögmannsþjónustu og skatta- og lögfræðiráðgjöf. Eðli og umfang þeirra verkefna er breytilegt milli lögsagna, í samræmi við staðbundnar reglur. Deloitte Legal aðildarfélögin eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar sem geta ekki skuldbundið hvern annan gagnvart þriðja aðila. Hvert Deloitte Legal aðildarfélag er því eingöngu ábyrgt fyrir eigin athöfnum en ekki annarra Deloitte Legal aðildarfélaga. Vegna ólíkra staðbundinna reglna þá veita ekki öll aðildarfélag Deloitte lögfræðiráðgjöf.

Upplýsingar þær sem fram koma í bæklingi þessum eru unnar upp úr gildandi lögum og reglum í upphafi árs 2024. Upplýsingarnar eru almenns eðlis og er ekki ætlað að vera tæmandi upplýsingagjöf. Við hvetjum þig til að leita faglegrar aðstoðar við úrlausn skattamála. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Deloitte Legal ehf. Þar er meðal annars hægt að finna útgefnar skýrslur og erindi um ýmis mál af vettvangi skattaréttar.

Þá bendum við á eftirfarandi heimasíður sem hafa að geyma frekari upplýsingar um skatta og málefni er tengjast þeim: [www.rsk.is](http://www.rsk.is), [www.yskn.is](http://www.yskn.is) og [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).